

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um dýralyf ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipanir 2001/82/EB og 2001/83/EB fella úr gildi nokkrar gerðir sem þegar eru hluti af samningnum og ber því að fella þær brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 15o (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB):

„15p. **32001 L 0082:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um dýralyf (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 10 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

15q. **32001 L 0083:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).“

2. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 65/65/EBE), 2. liðar (tilskipun ráðsins 75/318/EBE), 3. liðar (önnur tilskipun ráðsins 75/319/EBE), 5. liðar (tilskipun ráðsins 81/851/EBE), 6. liðar (tilskipun ráðsins 81/852/EBE), 10. liðar (tilskipun ráðsins 89/342/EBE), 11. liðar (tilskipun ráðsins 89/343/EBE), 12. liðar (tilskipun ráðsins 89/381/EBE), 13. liðar (tilskipun ráðsins 90/677/EBE), liðar 15b (tilskipun ráðsins 92/25/EBE), liðar 15c (tilskipun ráðsins 92/26/EBE), liðar 15d (tilskipun ráðsins 92/27/EBE) og liðar 15e (tilskipun ráðsins 92/28/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipana 2001/82/EB og 2001/83/EB, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

